

Brunavarnarnefnd, fundur nr. 18

Dags. 3.12.2015

**Fundur í brunavarnarnefnd 3.des.2015. Hefst fundur kl. 1300**  
**Fundur nr. 18**

Mætt; Nefndarmenn Arnór Benónýsson, Lárus Björnsson og Helga A. Erlingsdóttir ásamt Bjarna Höskuldssyni slökkviliðsstjóri.

**1.** Skýrsla slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri gerir grein fyrir störfum sínum og slökkviliðsins á árinu. Mun slökkviliðsstjóri taka saman ársskýrslu um þessi störf og ljúka brunavarnaráætlun sveitarfélagana sem er í vinnslu.

Lagði slökkviliðsstjóri fram; þjónustusamning milli BSP og Landsvirkjunar vegna brunavarna við byggingu Þeistareykja, sem sendur hefur verið til undirritunar.

**2.** Lagðar fram upplýsingar úr bókhaldi fyrstu 9 mánuði ársins og fjárhagsáætlun næsta árs. Fjárhagsáætlun s.l. árs hefur staðist ágætlega.

**3.** Bifreiðarmál Mývetninga. Mikil nauðsyn er á að kaupa nýjan slökkvibíl í Mývatnssveit. Sá sem til er löngu orðinn óhæfur til að þjóna svæðinu.

**4.** Slökkvistjóri gerir grein fyrir fundi milli slökkviliðsstjóra um málefni slökkviliða sem eru með jarðgöng á sínum svæðum – jarðgöng sem kalla á sértækar aðgerðir svo hægt sé að sinna bæði brunavörnum og mengunarvörnum.

**5.** Norðurlandsskógar hafa haft samband vegna skógi- og hrísvaxinna svæða og hættu á gróðureldum. Þessi mál þarf að skoða, hvernig á að mæta þeirri brunahættu sem getur skapast á þessum svæðum.

**6.** Slökkviliðsstjóri gerir grein fyrir þörfum úrbótum á húsnæði slökkvistöðvarinnar á Laugum. Laga þarf stiga, geymslur fyrir búnaðinn sem til er og ýmislegt fleira. Nefndin tekur undir þessar ábendingar slökkviliðsstjóra og vill að unnið sé að úrbótum eftir sem kostur er.

Fleira rætt en ekki bókað . Fundi lokið kl. 15:25